

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur mánudaginn 26. september 2022

Mál nr. E-5656/2021:

A (*Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður*)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(*Telma Sif Reynisdóttir lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 29. ágúst sl., er höfðað 26. nóvember 2021 af A, [...], á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., [...].

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða henni 23.211.754 krónur með vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 28. maí 2018 til 16. júlí 2020 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða henni 13.528.507 krónur með vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 28. maí 2018 til 16. júlí 2020 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða henni 10.208.524 krónur með vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 28. maí 2018 til 16. júlí 2020 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt málskostnaðar-reikningi, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefndi gerir jafnframt kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins.

I

Málavextir

Stefnandi lenti í umferðarslysi [...] nóvember 2016 er hún var á ferðalagi um Ísland. Hún var farþegi í bíl sem valt í hálfu á [...] um miðja vega á milli [...] og [...]. Bifreiðin fór nokkrar veltur og kastaðist stefnandi út úr bílnum. Bifreiðin var tryggð hjá hinu stefnda félagi. Í slysinu hlaut stefnandi áverka á baki en missti ekki meðvitund. Þá hlaut hún og fann fyrir svima og miklum sársauka í vinstri öxl og niður vinstri hönd, auk þess sem hún skarst á báðum höndum. Fór stefnandi í aðgerð á Landspítalanum og lá þar í nokkra daga, en eftir útskrift stóð til að hún færi til [...] til fjölskyldu sinnar. Hún leitaði hins vegar á bráðamóttöku Landspítalans 22. desember 2016 vegna sársauka og hita. Var hún

að lokum útskrifuð en hefur haft svima og viðvarandi verki í hálsi og baki síðan slysið átti sér stað og þurft að vera til meðferðar hjá læknum og sjúkraþjálfurum.

Aðilar öfluðu sameiginlegs mats á afleiðingum slyssins samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Matsgerð B bæklunarskurðlæknis og C lögmans lá fyrir 15. júní 2020. Niðurstaða þeirra var sú að varanlegur miski vegna slyssins væri 23 stig og varanleg örorka væri 25%. Þá var stöðugleikapunktur metinn 28. maí 2018. Tímabil tímabundins tekjutjóns og tímabil veikinda var metið frá slysdegi til stöðugleikapunkts og þar af var stefnandi inniliggjandi frá [...] nóvember 2016 til 13. desember 2016.

Með bréfi 16. júní 2020 krafðist lögmaður stefnanda bóta úr hendi stefnda og var krafan byggð á niðurstöðum matsgerðarinnar. Vísaði stefnandi til þess að við útreikning bóta væri rétt að byggja á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 þar sem aðstæður stefnanda hefðu verið óvenjulegar á viðmiðunarárum 1. mgr. 7. gr. laganna. Af hálfu stefnanda var miðað við tekjur á sérsviði hennar, en hún er tölvuverkfræðingur á upplýsingatækisviði, í Bandaríkjunum þar sem hún var þá búsett.

Stefndi féllst ekki á sjónarmið stefnanda um árslaunaviðmið og greiddi stefnanda bætur 5. ágúst 2020 á grundvelli viðmiðs 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Stefnandi samþykkti uppgjórið með fyrirvara um árslaunaviðmið við útreikning á bótum vegna varanlegrar örorku, útlagðan kostnað og þóknun lögmans.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að meta skuli árslaun hennar sérstaklega í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 þar sem skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt.

Stefnandi byggir á því að aðstæður hennar hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. Hún hafi flutt frá [...] til Bandaríkjanna nokkru áður en slysið hafi orðið og verið þar búsett á slysdegi. Stefnandi hafi starfað á [...] um nokkurra ára skeið sem tölvunarfræðingur hjá fyrirtækinu [...] en farið í fæðingarorlof í kjölfar fæðingar dóttur sinnar [...] 2015. Hún flutti svo með manni sínum og barni til Bandaríkjanna sumarið 2016. Stefnandi greinir svo frá að hún hafi ætlað að vera heima með dóttur sína þar til hún yrði tveggja ára í [...] 2017 og gert ráð fyrir að starfa hjá [...] að því loknu. Sumarið 2021 hafi stefnandi, ásamt fjölskyldu sinni, flutt til Kanada þar sem hún starfi nú. Aldrei hafi annað staðið til eftir það en að hún færi að vinna í Bandaríkjunum við starf í samræmi við menntun hennar. Verði ekki fallist á að miða beri við tekjur í Bandaríkjunum telur stefnandi að miða verði við tekjur hennar í Kanada. Í báðum tilvikum sé á því byggt að um sambærileg hagkerfi sé að ræða, sem byggi á allt öðrum launfjárhæðum en þeim sem stefnandi fékk [...]. Megi því með góðu móti fullyrða að tjón stefnanda verði ekki bætt ef miða eigi við laun á [...] fyrir slysið og þar með lágmarkslaun á grundvelli 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 líkt og stefnandi vilji gera.

Lögð er áhersla á það af hálfu stefnanda að í athugasemdum með 6. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum, sbr. nú 7. gr. laganna, sé tekið fram að launatekjur liðinna ára séu ekki góður mælikvarði hafi breytingar orðið á högum tjónþola skömmu fyrir slys eða þegar fullyrða megi að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Í dæmaskyni sé nefnt að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum hans eða látið af starfi og hafið töku lífeyris. Í slíkum tilvikum sé eðlilegra að ákvarða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður. Einnig hafi verið gerð tillaga um að 2. mgr. 7. gr. laganna yrði rýmkuð þannig að mati yrði beitt í þeim tilvikum þegar viðmið síðustu þrjú tekjuár fyrir slys þyki af einhverjum ástæðum ekki réttmætt. Ljóst sé að ekki sé ætlast til að orðin „óvenjulegar aðstæður“ séu túlkuð þröngt.

Stefnandi bendir á að laun stefnanda á [...] hafi verið verulega lág á íslenskan mælikvarða miðað við það starf sem hún gegndi og að hún hefði haft verulega hærri laun í Bandaríkjunum fyrir sams konar starf. Vísar stefnandi þar um til meðallauna tölvunarfræðinga í Bandaríkjunum. Af þeim sökum telur stefnandi ótækt að miða við þau laun sem hún hafi haft á [...] við mat á árslaunum til ákvörðunar bóta enda hafi hún ekki lengur starfað þar er slysið hafi orðið og ekki staðið til að hún sneri þangað aftur til starfa. Þvert á móti hafi staðið til að hún myndi hefja störf sem tölvunarfræðingur í Bandaríkjunum. Þar sem stefnandi hafi flutt úr einu landi í annað, þar sem hagkerfi og launakjör séu gerólík, og lent í slysi áður en hún hóf störf í Bandaríkjunum beri að telja aðstæður hennar óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Afleiðingar slyssins hafi hins vegar valdið því að hún hafi ekki getað hafið störf í Bandaríkjunum sem hafi m.a. leitt til þess að stefnandi og eiginmaður hennar hafi flutt til Kanada þar sem þau séu nú búsett. Telur stefnandi að taka verði tillit til þessa og því verði að miða tjón hennar við þær tekjur sem hún hefði haft í Bandaríkjunum.

Stefnandi bendir á að í athugasemdum með 7. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum segi að þegar námslok tengd starfsferli eða starfsréttindum megi teljast fyrirsjáanleg verði að meta möguleika námsmanns á að gegna því starfi sem hann stefndi að með menntun sinni.

Stefnandi hafi hins vegar þegar lokið menntun sinni þegar slysið varð og eigi því enn frekar að miða við líklegar framtíðartekjur hennar á því svæði sem hún hefði starfað á ef ekki hefði komið til umrædds slyss. Sú dómaframkvæmd sem varði námsmenn styðji við þær röksemdir stefnanda að meta verði framtíðartekjur hennar út frá því starfi sem hún stefndi að með menntun sinni. Stefnandi hafi verið búsett í Bandaríkjunum á þeim tíma er slysið varð og hafi því verið fyrirsjáanlegt að framtíðartekjur hennar yrðu í Bandaríkjunum.

Aðalkrafa stefnanda er í stefnu byggð á því að miða eigi árstekjur við meðallaun á starfsviðinu „Computer Systems Analysts“ í Connecticut í Bandaríkjunum, miðað við gögn frá U.S. Bureau of Labor Statistics, sem sé opinber stofnun sem haldi utan um

launatölfræði í Bandaríkjunum. Séu þessi laun meðallaun á því svæði sem eiginmaður hennar hafi starfað á og hún hafi ætlað að starfa á þegar hún færi að vinna að loknu fæðingarorlofi. Launin miðist við slysdag [...] nóvember 2016. Einnig sé miðað við gengi dollara á slysdegi, sem hafi verið 112,66 krónur, en meðalárslaun sérfræðinga í tölvukerfum í Bridgeport, Stamford og Norwalk í Connecticut í maí 2016 hafi verið 105.010 bandaríkjadalir (USD). Krafan nemi samtals 33.318.814 krónum ($11.839.427 \times 11,433 \times 25\%$). Af hálfu lögmanns stefnanda var við aðalmeðferð málsins bent á að vera kynni að meðallaun á starfssviðinu „Computer Systems Analysts“ í Bandaríkjunum í heild, en ekki einungis í Connecticut, kynni að vera eðlilegra viðmið. Meðallaunin væru aðeins lægri þegar það viðmið væri notað eða 92.260 USD árið 2016 en 93.610 árið 2018. Gögn sem lögð hafi verið fram með stefnu hafi miðað við meðallaun í maí 2018 að fjárhæð 105.010 USD. Aðalkrafan yrði þó ekki lækkuð af þessum sökum en vísað til þess að árslaun miðað við þetta almenna viðmið rúmuðust innan fjárhæðar aðalkröfunnar og í það minnsta yrði ekki miðað við lægri fjárhæðir en hið almenna viðmið gerði ráð fyrir.

Varakrafa stefnanda miðast við byrjunarlaun eiginmanns hennar hjá [...], en bæði hafi þau unnið við sama starf á [...] og því án nokkurs vafa að stefnandi hefði að lágmarki hafið störf hjá [...] í Hartford í Connecticut með sömu byrjunarlaun. Hafi þau verið 73.400 USD. Sé miðað við gengi á slysdegi og launin umreiknuð í íslenskar krónur nemi launaviðmiðið 8.269.244 krónum í árslaun. Krafan nemi samtals 23.635.567 krónum ($8.269.244 \times 11,433 \times 25\%$).

Þá sé þrautavarakrafa byggð á því að stefnandi sé nú búsett í Kanada og hafi verið boðið starf sem tölvunarfræðingur hjá [...] en samkvæmt því starfstilboði séu árslaun að lágmarki 85.000 kanadadalir (CAD). Sé miðað við gengi CAD á slysdegi og launin umreiknuð í íslenskar krónur nemi launaviðmiðið 7.107.700 krónum í árslaun. Krafan nemi samtals 20.315.584 krónum ($7.107.700 \times 11,433 \times 25\%$).

Í öllum tilvikum dragist frá kröfunni greiðsla frá stefnda að fjárhæð 9.176.146 krónur vegna varanlegrar örorku og vextir að fjárhæð 930.914 krónur vegna hennar. Frádrátturinn miðist aðeins við höfuðstól og vexti vegna varanlegrar örorku samkvæmt framangreindu uppgjöri en samtals sé um að ræða 10.107.060 krónur sem komi til frádráttar framangreindum fjárhæðum vegna aðal-, vara- og þrautavarakröfu.

Stefnandi gerir jafnframt kröfu um 4,5% vexti í samræmi við 16. gr. laga nr. 50/1993 frá þeim degi sem stöðugleika hafi verið náð samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð og til 16. júlí 2020 þegar mánuður hafi verið liðinn frá því að krafa hafi verið gerð, þ.e. 16. júní 2020. Frá þeim degi sé gerð krafa um dráttarvexti í samræmi við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi bendir á að meginreglu íslensks skaðabótaréttar um framtíðartekjur tjónþola sé að finna í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt henni skuli árslaun til ákvörðunar bóta samkvæmt 6. gr. laganna vera meðalatvinnutekjur tjónþola, að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Í 3. mgr. 7. gr. laganna komi þó fram að þrátt fyrir þetta skuli aldrei miða við lægri fjárhæðir en settar eru fram í töflu í greininni.

Krafa stefnanda byggi á undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 en heimildinni skuli aðeins beita þegar ljóst sé að lagaskilyrði séu fyrir hendi. Annars vegar þurfi óvenjulegar aðstæður að leiða til þess að ekki fái rétt mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola við beitingu 1. mgr. 7. gr. laganna. Hins vegar verði að vera til annað og betra viðmið sem gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola. Sönnunarbyrði fyrir því að þessum skilyrðum sé fullnægt hvíli á stefnanda og skuli skýra ákvæðið þröngt í samræmi við viðurkennd lögskýringarsjónarmið. Stefndi byggir á því að framangreindum skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt.

Stefndi byggir á því að í tilviki stefnanda eigi við uppgjör að miða við lágmarks-laun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. nr. 50/1993, sbr. 1. mgr. greinarinnar, og að tjón stefnanda vegna umferðarslyssins [...] nóvember 2016 hafi að fullu verið bætt með uppgjöri í ágúst 2020. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi sé fædd í [...] og hafi verið [...] ára þegar hún slasaðist. Hún hafi lokið meistaragraðu í „Master of Computer Application“ árið [...]. Árin 2010 til 2016 hafi hún starfað sem „Associate–Projects“ hjá [...], en ekki liggi fyrir hvað nákvæmlega hafi falist í því starfi. Samkvæmt skattframtölum hafi árslaun stefnanda tekjuárin 2014-2016 verið á bilinu [...], eða 250.788-980.747 íslenskar krónur, án uppreiknings miðað við launavísitölu miðað við gengi [...] á slysdagi. Ekki hafi verið lagðar fram tekjuupplýsingar fyrir önnur ár af hálfu stefnanda, hvorki fyrir árið 2014 né eftir árið 2016. Verði því að gera ráð fyrir því að stefnandi hafi ekki verið á vinnumarkaði síðan í febrúar 2016. Stefndi byggir á því að viðmiðunartímabil það sem tiltekið sé í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé þrjú ár fyrir slysdag, sem í tilviki stefnanda væru árin 2013-2015. Svo hægt sé að meta hvort aðstæður stefnanda á þeim árum hafi verið óvenjulegar varðandi atvinnuþátttöku og tekjuöflun þurfi að bera það tímabil saman við árin þar á undan, t.d. árin 2010-2012. Engin slík gögn hafi þó verið lögð fram. Líklegt sé að stefnandi hafi verið með svipuð laun á þeim árum, enda hafi stefnandi starfað hjá [...] frá árinu 2010. Þannig sé ljóst að aðstæður hafi ekki verið óvenjulegar á viðmiðunarárum þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis.

Það dugi ekki eitt og sér að stefnandi hafi eignast barn og farið í fæðingarorlof árið 2015 enda virðist hún ekki hafa misst tekjur við það. Svo að um óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. laganna geti verið að ræða þurfi tekjur stefnanda á viðmiðunar-tímabilinu að hafa lækkað eða eitthvað óvenjulegt sannarlega gerst sem leiði til þess að tekjur stefnanda eigi eftir að verða hærri. Ekki hafi verið sýnt fram á nokkuð slíkt af hálfu stefnanda en þegar tekjur stefnanda fyrir slys séu skoðaðar verði ekki annað séð en að hún hafi ekki náð lágmarkslaunum íslenskra skaðabótalaga á viðmiðunarárunum eða árunum þar áður.

Stefndi bendir á að þegar stefnandi hafi hætt störfum hjá [...] í febrúar 2016 hafi hún ekki verið að fara í leyfi frá störfum líkt og haldið sé fram í stefnu. Um það sé ekkert sagt í staðfestingarbréfi frá fyrirtækinu á uppsögn stefnanda. Verði því að gera ráð fyrir að hún hafi verið hætt störfum og hæfi ætlað að sinna dóttur sinni um ótilgreindan tíma. Ósannað sé að stefnandi hafi ætlað að fara inn á vinnumarkaðinn aftur og hvenær og þá inn á hvaða vinnumarkað. Varhugavert sé að draga þá ályktun að aðstæður, sem geti talist óvenjulegar á Íslandi, séu það jafnframt annars staðar í heiminum, t.d. varðandi þátttöku ólíkra þjóðfélagshópa á vinnumarkaði. Það eitt að flytja búferlum á milli landa geti ekki talist óvenjulegar aðstæður ef ekkert breytist eða eigi að breytast hvað varðar tekjuöflun og atvinnuþátttöku. Stefndi telur ósannað að aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 og verði því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi byggir jafnframt á því að þótt komist væri að þeirri niðurstöðu að aðstæður hafi verið óvenjulegar hvað varði atvinnuþátttöku og tekjusögu stefnanda þurfi að sýna fram á það að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna. Af málátilbúnaði stefnanda megi ráða að hún telji að hvorki 1. mgr. 7. gr. eigi við né 3. mgr. 7. gr., þ.e. hvorki launatekjur hennar árin þrjú fyrir slysið né lágmarkslaun.

Við mat á því hvort þessu skilyrði um annan réttari mælikvarða sé fullnægt verði fyrst og fremst að líta til atvinnuþátttöku stefnanda og tekjusögu. Launatekjur stefnanda fyrir slys hafi ávallt verið lægri en þau árslaunaviðmið sem stefnandi vilji miða við en þær hafi ekki náð lágmarkslaunum samkvæmt 3. mgr. 7. gr., a.m.k. ekki síðustu þrjú árin fyrir slysið.

Þegar metið sé hvort ætli megi að breytingar hafi staðið fyrir dyrum á framtíðartekjum stefnanda beri að horfa til þess hver staða hennar hafi verið á slysdegi en þá hafi stefnandi ekki verið á vinnumarkaði og, að því er virðist, ekki í atvinnuleit. Fullyrðingar stefnanda um að hún hafi ætlað að fara að vinna sem tölvunarfræðingur í Bandaríkjunum séu ósannaðar, enda hafi stefnandi ekki verið komin með nein vilyrði um starf þar í landi á þessum tíma, hvorki hjá sínum fyrrverandi vinnuveitanda né hjá öðrum.

Hvað aðalkröfu stefnanda varðar hafnar stefndi því að meðaltekjur sérfræðinga í tölvukerfum í Bridgeport, Stamford og Norwalk í Connecticut í maí 2016 séu réttari mælikvarði á framtíðartekjur stefnanda. Gögn málsins beri það með sér að stefnandi hafi starfað sem tölvunarfræðingur í a.m.k. sex ár fyrir slysið. Ekki hafi verið fyrirséð á slysdegi að stefnandi myndi hefja störf sem tölvunarfræðingur í Bandaríkjunum þrátt fyrir að hún hafi flutt þangað og að eiginmaður hennar hafi fengið starf þar. Þá sé ósannað að stefnandi hafi verið í fæðingarorlofi á slysdegi. Stefnandi hafi sagt upp störfum [...] árið 2016 og hafi ekki verið búin að ráða sig í annað starf á slysdegi. Þá beri gögn málsins ekki með sér að stefnandi hafi verið að skipta um starfsstöð innan fyrirtækisins og að hefja störf hjá [...] í Bandaríkjunum líkt og fram komi í stefnu. Að auki séu viðmiðunarlaun að fjárhæð 11.839.427 krónur langt frá því sem stefnandi hafi haft í árslaun á starfsævi sinni.

Stefndi mótmælir jafnframt varakröfu stefnanda um að miða beri við byrjunarlaun eiginmanns hennar hjá [...]. Hvergi í skaðabótalögum eða lögskýringargögnum með þeim sé að finna heimild til að miða útreikning bóta vegna varanlegrar örorku við laun annars einstaklings en þess sem fyrir tjóninu hafi orðið. Þá hafi ekkert komið fram í málinu sem bendi til þess að stefnandi hefði hafið störf hjá [...] í Bandaríkjunum, þrátt fyrir að eiginmaður hennar hafi starfað þar. Viðmiðunarlaun að fjárhæð 8.269.244 krónur séu að sama skapi langt frá því sem stefnandi hafi haft í árslaun á starfsævi sinni.

Þá hafnar stefndi einnig þrautavarakröfu stefnanda. Stefnandi hafi boðist starf 15. október 2021 hjá [...] í Kanada en ótækt sé að miða árslaun við ósamþykkt atvinnutilboð sem stefnandi hafi boðist tæpum fimm árum eftir slys. Slíkt sé í miklu ósamræmi við meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Hvað kunni að henta tjónþola í framtíðinni geti ekki samkvæmt skaðabótalögum orðið mælikvarði viðmiðunartekna á slysdegi. Engu breyti þótt stefnandi hafi gengið að umræddu atvinnutilboði. Þá séu viðmiðunarlaun að fjárhæð 7.107.700 krónur einnig langt frá því sem stefnandi hafi haft í árslaun á starfsævi sinni. Þá bendir stefndi á að ekki verði betur séð en að stefnandi hafi einungis tímabundið atvinnuleyfi í Kanada og því líklega ekki um framtíðartekjur að ræða, í það minnsta sé það óljóst.

IV

Niðurstaða

Stefnandi lenti í umferðarslysi [...] nóvember 2016 og er ekki deilt um bótaskyldu stefnda eða afleiðingar slyssins. Ágreiningur aðila snýst eingöngu um það hvort miða beri bætur vegna varanlegrar örorku við tekjur stefnanda síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysdag, á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, eða hvort uppfyllt séu skilyrði til þess að beita undantekningarreglu 2. mgr. ákvæðisins til að ákveða árslaun sérstaklega.

Í tilviki stefnanda leiðir beiting viðmiðs 1. mgr. 7. gr., um árslaun þrjú síðustu almanaks-árin fyrir slysið, til niðurstöðu undir lágmarksviðmiði 3. mgr. ákvæðisins og miðaðist bótagreiðsla stefnda til stefnanda við það. Stefndi byggir á því í málinu að tjón stefnanda sé að fullu bætt.

Stefnandi byggir á því að beita beri 2. mgr. 7. gr. þar sem aðstæður hennar teljist óvenjulegar á viðmiðunartímabilinu og ljóst sé að annar mælikvarði teljist réttari við mat á framtíðartekjum hennar. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum fyrir beitingu ákvæðisins sé fullnægt, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 583/2012 og í máli nr. 74/2017 og dóm Landsréttar í máli nr. 398/2020. Stefnandi þarf þannig að sýna fram á að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi á viðmiðunartímabilinu sem leiði til þess að árslaun hennar þann tíma séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar og að annar mælikvarði en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. sé fyrir hendi sem sé réttari.

Í athugasemdum við 6. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 37/1999, sem breytti 7. gr. laga nr. 50/1993, kemur m.a. fram að viðmiðun síðustu þrjú tekjuár sé að jafnaði eðlileg þegar um er að ræða einstakling í launuðu starfi og að launatekjur liðinna ára séu oftast góð vísbending um launatekjur komandi ára. Launatekjur liðinna ára séu á hinn bóginn ekki góður mælikvarði ef breytingar hafi orðið á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða megi að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Sem dæmi er nefnt að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum. Tekið er fram að í slíku tilviki sé eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður. Þá er að finna ummæli í lögskýringargögnum um að 2. mgr. 7. gr. verði beitt þegar viðmiðun síðustu þrjú ár fyrir slys þyki „af einhverjum ástæðum ekki réttmæt“. Þrátt fyrir að ákvæðið feli í sér undantekningarreglu gefa þessi ummæli og dómaframkvæmd ekki tilefni til þess að skýra „óvenjulegar aðstæður“ þröngt og þau verða því talin geta tekið almennt til þess þegar breytingar hafi orðið á högum tjónþola skömmu fyrir tjónsatburð eða að fyrirsjáanlegt hafi verið að slíkt hafi staðið fyrir dyrum.

Við mat á óvenjulegum aðstæðum þarf að vera unnt að bera hið þriggja ára viðmiðunartímabil saman við önnur tímabil hjá tjónþola, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 70/2017 og 71/2017. Framlögð gögn í þessu máli þykja ekki gefa skýra mynd af aðstæðum stefnanda fyrir og eftir slys. Þó verður sú ályktun af þeim dregin að stefnandi hafi verið á vinnumarkaði í það minnsta frá 2010 til 25. febrúar 2016 er hún starfaði hjá fyrirtækinu [...] á [...] á starfssviðinu „Associate–Projects“ og svo ekki fyrr en í nóvember 2021 er hún hóf störf hjá fyrirtækinu [...] í Kanada, fimm árum eftir slys, og mun hún starfa þar í dag. Fram er komið í málinu að frá apríl til september 2017 var stefnandi í endurhæfingu á [...] og aftur í ágúst 2018. Þá er ljóst að árin fyrir slysið náðu meðaltekjur stefnanda aldrei lágmarksviðmiði 3. mgr. 7. gr. laganna en gögn vegna árána þar á undan liggja ekki fyrir í málinu.

Stefnandi var 35 ára á slysdegi. Hún er með meistaragráðu í „Master of Computer Application“ og hóf störf hjá fyrirtækinu [...] á [...] í upphafi árs 2010. Stefnandi eignaðist barn [...] 2015. Fram kemur í stefnu að hún hafi þá farið í fæðingarorlof og verið í leyfi frá störfum er slysið varð í nóvember 2016. Stefnandi mun skömmu áður hafa flutt ásamt fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna, eða sumarið 2016, þar sem eiginmaður hennar fékk starf hjá [...] þar í landi og naut hún tímabundins dvalarleyfis sem maki. Fram kemur í stefnu að stefnandi hafi ætlað sér að vera heima með dóttur sína til tveggja ára aldurs en snúa svo aftur á vinnumarkaðinn. Stefnandi var því búsett í Bandaríkjunum á slysdegi en var ekki á vinnumarkaði.

Framlögð gögn benda til þess að stefnandi hafi haft svokallað H4-VISA en á því er ekki að finna nánari skýringar í stefnu. Samkvæmt því sem fram kom við aðalmeðferð málsins mun vera um að ræða tegund dvalarleyfis fyrir fjölskyldumeðlimi eða maka þeirra sem eru með svokallað H1-B VISA og er háð gildistíma leyfis makans. Mun H4-VISA ekki fela í sér sjálfstæð réttindi eða rétt til að fara út á bandarískan vinnumarkað. Handhafi H4-VISA þarf að sækja um slík réttindi sérstaklega.

Að mati dómsins bera gögn málsins ekki með sér að stefnandi hafi einungis verið í leyfi frá störfum eins og ráða má af stefnu. Í bréfi frá [...] 25. febrúar 2016 er vísað til uppsagnar hennar 23. sama mánaðar og að hún sé leyst frá störfum eða undan starfsskyldum hjá stefnanda frá og með 25. febrúar 2016. Stefnandi hefur á því byggt að starfslok hennar hjá fyrirtækinu hafi tengst ferli hvað varðar dvalar- og atvinnuleyfi í Bandaríkjunum. Hvað sem því líður er ljóst að stefnandi var ekki á vinnumarkaði í Bandaríkjunum á slysdegi og að því er virðist ekki í atvinnuleit. Verður því ekki slegið föstu að ljóst hafi verið að hún hafi verið á leið út á bandarískan vinnumarkað eins og haldið er fram í málinu. Stefnandi var ekki með atvinnuleyfi í Bandaríkjunum á slysdegi og mun aldrei hafa fengið slíkt leyfi. Raunar liggja engin gögn fyrir um það að hún hafi sótt um atvinnuleyfi þar í landi eða gert reka að því að sækja um slíkt leyfi. Gögn málsins bera með sér að hún hafi verið með tímabundið dvalarleyfi í Bandaríkjunum vegna maka síns sem mun hafa verið með atvinnuleyfi vegna starfa sinna hjá [...] þar í landi.

Fram kemur í stefnu að slysið og afleiðingar þess hafi orðið þess valdandi að hún gat aldrei starfað í Bandaríkjunum. Í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dóminum kom raunar fram að fjölskyldan hefði flust til Kanada þar sem eiginmaður hennar hafi fengið starf þar. Allt að einu er ljóst að stefnandi hafði aldrei atvinnuleyfi í Bandaríkjunum. Þá bera gögn málsins ekki með sér að á slysdegi hafi hún verið með vilyrði um starf. Eru því aðstæður ekki með svipuðum hætti og í dómi Hæstaréttar í máli nr. 460/2016 sem stefnandi hefur vísað í máli sínu til stuðnings. Á slysdegi voru því ekki slíkar breytingar fyrirséðar á högum stefnanda eða unnt að fullyrða að slíkar breytingar hafi staðið fyrir dyrum sem réttlætt geta beitingu undanþáguákvæðis 2 mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Þá geta aðstæður stefnanda nú, fimm árum eftir slysið, heldur ekki breytt þessari niðurstöðu.

Breytir svarpóstur fyrirtækisins [...] til stefnanda 5. mars 2017 vegna móttöku umsóknar hennar um starf ekki þeirri ályktun. Búferlaflutningar einir og sér nægja ekki til þess að talið verði að slíkar breytingar hafi orðið á högum tjónþola að undantekningarreglunni verði beitt. Ljóst verður að vera að breytingar hvað varðar atvinnuþátttöku og tekjur þurfa þegar að hafa orðið eða unnt að fullyrða að þær standi fyrir dyrum. Eru áform tjónþola um breytingar í fyrirsjáanlegri framtíð ekki nægileg hafi tjónþoli ekkert aðhafst til að hrinda áformum sínum í framkvæmd.

Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn ekki efni til að draga þá ályktun af gögnum málsins að aðstæður stefnanda á viðmiðunartímabilinu hafi verið óvenjulegar. Dómurinn fellst því ekki á að uppfyllt sé skilyrði 2. mgr. 7. gr. um óvenjulegar aðstæður. Samkvæmt gögnum málsins voru meðalatvinnutekjur stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slysið undir lágmarkslaunum, sbr. 3. mgr. 7. gr. Var stefnda því rétt að miða við lágmarkslaun við útreikning á bótum til stefnanda. Stefndi hefur þegar greitt stefnanda bætur vegna varanlegrar örorku sem byggja á árslaunaviðmiði 3. mgr. 7. gr. laganna og hefur tjón hennar því verið að fullu bætt. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Dómurinn telur rétt að taka fram að jafnvel þótt fallist væri á að aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar á viðmiðunartímabilinu í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 þarf að vera uppfyllt hið sjálfstæða skilyrði ákvæðisins um tilvist annars og réttari mælikvarða um framtíðartekjur en beitt var í hennar tilviki. Sönnunarbyrði um það hvílir á stefnanda. Áréttað er að ekki verður annað séð en að launatekjur stefnanda hafi ávallt verið undir þeim árslaunaviðmiðum sem hún miðar við í kröfum sínum. Verður ekki fram hjá því litið að á slysdegi var stefnandi ekki á vinnumarkaði, var ekki í atvinnuleit, hvorki með vilyrði um atvinnu hjá fyrri vinnuveitanda né hjá öðrum, var með tímabundið dvalarleyfi í Bandaríkjunum en ekki atvinnuleyfi þar í landi og virðist ekki hafa sótt um slíkt leyfi og er nú með tímabundið atvinnuleyfi í Kanada. Hefur stefnandi engan veginn gert líklegt að þær viðmiðunartekjur sem hún gerir ráð fyrir í aðal- og varakröfum sínum hafi á slysdegi verið réttur mælikvarði um líklegar framtíðartekjur hennar. Þá getur starf sem hentar tjónþola mörgum árum eftir slys ekki samkvæmt skaðabótalögum verið mælikvarði viðmiðunartekna á tjónsdegi eins og þrautavarakrafa stefnanda gerir ráð fyrir.

Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður og af hálfu stefnda Telma Sif Reynisdóttir lögmaður.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. mars 2022.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., er sýkn af öllum kröfum stefnanda, A.
Málkostnaður fellur niður.

Hólmfríður Grímsdóttir